

**Ed.**

## **72. Breytingartillögur**

við frv. til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 6. gr. Fyrir orðin í niðurlagi 1. málsg. »með þeim skilyrðum« komi: alt að því.
2. Við 6. gr. Fyrir orðin í síðasta málslið »Ríkissjóður greiðir« komi: Í samningi má ákveða, að ríkissjóður greiði.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Skóglaut land, sem girt er samkv. 6. gr. til þess að koma þar upp skógargróðri, skal vera alfriðað fyrir búfjárbreit. Skógræktarstjóra er heimilt að leyfa að beita kúm og sauðfje í skóglendi, sem girt hefir verið samkv. 6. gr., ef hann telur ástand skógarins þannig, að beitin teji ekki til muna framför hans. Aldrei má þó leyfa neina beit á slíkum svæðum frá 1. nóv. til 20. júní. Komi til greina að rækta nýjan skógargróður á einhverjum hluta slíks svæðis, má eigi leyfa neina beit í girðingunni nema eigandi eða nothafi setji upp á sinn kostnað nægilega trausta girðingu um þann hluta og haldi henni við.